



Borgarráð

Vinaborgarsamningur milli Reykjavíkur og Lviv í Úkraínu

Lagt er til að borgarráð samþykki að Reykjavík og Lviv í Úkraínu verði vinaborgir.

Greinargerð:

Þann 1. mars 2022, fimm dögum eftir innrásina, sendi borgarstjórn frá sér einróma ályktun þar sem innrás Sambandslýðveldisins Rússlands í Úkraínu var fordæmd og samstöðu og stuðningi lýst yfir við fólkið í Úkraínu. Ályktunin var þýdd og send til borgarstjóra Kiev og Lviv, auk borgarstjórans í Moskvu og Sendiráðs Rússlands á Íslandi.

Í framhaldi af því, átti Dagur B. Eggertsson borgarstjóri fjarfund með Andriy Sadovyi borgarstjóra Lviv þann 20. apríl 2022, þar sem þeir ræddu afleiðingar innrásarinnar og samstöðu Reykjavíkur með úkraínskum borgum. Á þeim fundi ræddu þeir einnig samstarfssamning Reykjavíkur og Moskvu, sem tók gildi árið 2007 og mögulegt vinaborgarsamstarf Reykjavíkur og Lviv. Borgarráð samþykkti svo einróma á fundi sínum 1. september 2022 að slíta vinaborgarsamstarfi við Moskvu, og var borgarstjóra Moskvu og Sendiráði Rússlands á Íslandi tilkynnt um riftunina.

Í tilefni þess að ár er liðið frá því að rússnesk stjórnvöld réðust inn í Úkraínu og rufu þar með frið sem ríkt hefur í Evrópu um árabil, er lagt til að borgarráð samþykki að formgera vinaborgarsamstarf Reykjavíkur og Lviv og tilkynna um það föstudaginn 24. febrúar 2023, ári frá hinni ólöglegu innrás. Í samvinnu borganna verði unnin sérstakur vinaborgarsamningur sem lagður verði fyrir borgarráð til staðfestingar.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri